

## Skilmálar Kviku banka hf. um snertilausar greiðslur

Kvika banki hf. – samþykktir þann 4. mars 2020

### 1. Inngangur

- 1.1. Þessir skilmálar gilda milli Kviku banka hf. (hér eftir „Kvika“ eða „bankinn“) og viðskiptavinar Kviku (hér eftir „viðskiptavinur“), vegna þjónustu bankans um snertilausar greiðslur með Google Pay eða Apple Pay (hér eftir „þjónustan“). Þjónustan er aðgengileg í gegnum smáforritin Google Wallet eða Apple Wallet (hér eftir sameiginlega nefnt „Wallet“).
- 1.2. Um þjónustuna gilda einnig almennir skilmálar vegna viðskipta við Kviku banka hf., skilmálar bankans um debetkort, og skilmálar bankans um kreditkort (hér eftir er vísað saman til framangreindra skilmála og skilmála Kviku um snertilausar greiðslur sem „skilmála“).
- 1.3. Skilmálar eru aðgengilegir á vefsvæði bankans [www.kvika.is](http://www.kvika.is)
- 1.4. Með því að virkja þjónustuna í snjalltæki sínu telst viðskiptamaður hafa kynnt sér allar þær reglur og/eða skilmála sem gilda um þjónustuna og er hann frá og með þeim tíma skuldbundinn til að fylgja þeim í hvívetna.

### 2. Þjónustan

- 2.1. Þjónustan felur í sér að viðskiptavinur getur með snjalltæki sínu tengt greiðslukort sem gefin eru út af Kviku við Google Pay eða Apple Pay og getur viðskiptavinur þá framkvæmt snertilausar greiðslur í gegnum snjalltækið á þeim stöðum sem bjóða upp á og samþykkja snertilausar greiðslur.
- 2.2. Til þess að virkja þjónustuna skráir viðskiptavinur greiðslukort sitt í þjónustuna í gegnum Wallet.
- 2.3. Við framkvæmd snertilausrar greiðslu leggur viðskiptavinur snjalltækið upp að posa sem samþykkir snertilausar greiðslur. Jafnframt er unnt að framkvæma greiðslu með þjónustunni á netinu og í smáforritum þar sem greiðsla er staðfest í viðeigandi snjalltæki/tölvu með persónubundnum öryggisþáttum.
- 2.4. Færslur í erlendri mynt birtast í Wallet á viðmiðunargengi þar til færsla hefur borist útgefanda. Fjárhæð slíkrar færslu kann því að taka breytingum til hækkunar eða lækkunar þegar hún hefur verið bókuð af útgefanda.

### 3. Breytingar á skilmálum

- 3.1. Kviku er heimilt að gera breytingar á þessum skilmálum um snertilausar greiðslur. Bankinn ákveður einhliða þá þjónustu sem er í boði á hverjum tíma og áskilur sér allan rétt til að gera breytingar eða viðbætur við þjónustuna og aðgerðir innan hennar, svo sem en ekki takmarkað við kröfur til persónubundinna öryggisþátta. Um breytingar á öðrum skilmálum sem kunna að eiga við um þjónustuna, vísast til ákvæða þeirra skilmála sem um ræðir.

- 3.2. Tilkynning um breytingar á skilmálum þessum telst hafa komið fram þegar nýir eða breyttir skilmálar eru settir á vefsvæði bankans og/eða birtast í netbanka viðskiptamanns.
- 3.3. Þegar breytingar eru til hagsbóta fyrir viðskiptamann taka þær gildi án fyrirvara við tilkynningu skv. grein 2.2. Ef breytingar eru ekki til hagsbóta fyrir viðskiptamann og þær falla undir lög um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, taka þær gildi tveimur mánuðum eftir að þær eru sannanlega tilkynntar viðskiptamanni. Viðskiptamaður telst hafa samþykkt breytingar ef hann gerir engar athugasemdir innan þess tíma.
- 3.4. Ef viðskiptamaður sættir sig ekki við breytingar bankans á þessum skilmálum um snertilausar greiðslur sem kunna að vera honum í óhag, er honum frjálst að falla frá þjónustunni áður en þær taka gildi.

#### **4. Virkjun og notkun þjónustunnar**

##### **4.1. Almenn**

- 4.1.1. Notkun þjónustunnar er háð því að viðskiptamaður sé með greiðslukort útgefið af Kvikun sem fellur jafnframt undir þjónustuna, snjalltæki með stýrikerfi sem styður við smáforrit viðkomandi greiðslulausnar, og að öryggiskröfum bankans hafi verið fylgt til hins ýtrasta.
- 4.1.2. Upplýsingar um hvaða snertilausu greiðslulausnir boðið er upp á tengingar við hjá Kvikun má finna á vefsvæði bankans, [www.kvika.is](http://www.kvika.is)
- 4.1.3. Kvika ákvarðar einhliða hvaða tegundir greiðslukorta sem bankinn gefur út, er hægt að tengja við og nota í þjónustunni. Finna má nánari upplýsingar um það í skilmálum bankans um debetkort og kreditkort og á vef bankans, [www.kvika.is](http://www.kvika.is).
- 4.1.4. Kvika áskilur sér allan rétt til að ákvarða einhliða þá þjónustu sem veitt er á hverjum tíma, auka hana eða skerða, og breyta eða rjúfa aðgang viðskiptamanns að þjónustunni fyrirvaralaust.

##### **4.2. Öryggi snjalltækja**

- 4.2.1. Áður en þjónustan er virkjuð, oftast í gegnum smáforrit þjónustuaðila, skuldbindur viðskiptamaður sig til að tryggja öryggi snjalltækis síns og þjónustunnar í samræmi við öryggiskröfur bankans á hverjum tíma. Þar með talið að:
  - a) virkja persónubundna öryggisþætti við auðkenningu í snjalltækið áður en þjónustan er sótt af stýrikerfi þjónustuaðila. Persónubundnir öryggisþættir geta til dæmis falið í sér auðkenningu viðskiptamanns með fingrafari, andlitsmynd og/eða PIN númeri sem viðskiptamaður ákveður og skal breyta reglulega,
  - b) grípa til viðeigandi öryggisráðstafana ef persónubundnum öryggisþáttum er ógnað eða grunur leikur á því að óviðkomandi hafi haft aðgang til dæmis að PIN númeri viðskiptamanns,

- c) nota þjónustuna aðeins á snjalltæki sem er í eigu og undir umráðum viðskiptamanns og eyða tengdum greiðslukortum út af greiðslulausn/smáforriti þjónustuaðila, ef snjalltæki er lánað, selt eða ef viðskiptamaður hættir að nota það,
- d) sækja smáforrit viðkomandi greiðslulausnar aðeins af viðurkenndu stýrikerfi þjónustuaðila og að setja smáforritið ekki upp á snjalltæki þar sem átt hefur verið við stýrikerfið, og
- e) hætta notkun þjónustunnar og eyða upplýsingum (þ.á.m. greiðslukortum) tengdum henni út af snjalltæki hafi öryggi þess verið ógnað með einhverjum hætti, svo sem með uppsetningu óörugggra smáforrita eða gruns um óviðkomandi aðgang að snjalltækinu með einverju móti.

4.2.2. Séu framangreindar öryggiskröfur í grein 4.2.1 ekki virtar eða viðskiptamaður hefur ástæðu til að ætla að öryggi snjalltækisins sé ógnað með einhverjum hætti er notkun þjónustunnar á snjalltækinu ekki örugg og því með öllu óheimil.

### 4.3. Virkjun og notkun þjónustunnar

- 4.3.1. Áður en þjónustan er virkjuð þarf viðskiptamaður að auðkenna sig í gegnum persónubundna öryggisþætti snjalltækis síns, í samræmi við öryggiskröfur bankans.
- 4.3.2. Viðskiptamaður sækir smáforrit þess þjónustuaðila sem um ræðir í gegnum viðurkennt stýrikerfi þjónustuaðilans og virkjar þjónustuna samkvæmt þeim leiðbeiningum sem gefnar eru upp í smáforritinu. Í því ferli samþykkir viðskiptamaður jafnframt skilmála þessa um snertilausar greiðslur í snjalltæki.
- 4.3.3. Þegar þjónustan hefur verið virkjuð og greiðslukort viðskiptamanns hefur verið tengt við þjónustuna getur viðskiptamaður greitt fyrir vörur og þjónustu með snjalltæki sínu á greiðslutækjum (svo sem posum) sem taka við og samþykkja snertilausar greiðslur með snjalltæki.
- 4.3.4. Sem hluti af þjónustunni sendir þjónustuaðili og/eða bankinn viðskiptamanni tilkynningar sem varða þjónustuna með rafrænum hætti. Kvika ber ekki ábyrgð á því ef tilkynningar berast ekki til viðskiptamanns eða ef þær berast of seint af einhverjum ástæðum.

## 5. Nánar um öryggi snertilausra greiðslna

- 5.1. Þegar viðskiptamaður tengir greiðslukort sitt við snertilausa greiðslulausn þjónustuaðila verður til handahófskennd talnaruna (hér eftir vísað til sem „sýndarnúmer“). Sýndarnúmer kemur í stað raunverulegs kortnúmers viðskiptamanns þegar greitt er með snertilausum greiðslum.
- 5.2. Sýndarnúmer byggja á öryggiskerfi sem hefur þann megin tilgang að vernda greiðslukortaupplýsingar viðskiptamanns. Kortnúmer sem tengt er við þjónustuna er skipt út fyrir sýndarnúmer.
- 5.3. Sýndarnúmerið er svo notað við framkvæmd snertilausra greiðslna og verndar það undirliggjandi kortnúmer viðskiptamannsins.

- 5.4. Um greiðslufyrirmæli með sýndarnúmeri greiðslukorts gilda sömu reglur og skilmálar og um debet- og kreditkortafærslur Kviku.
- 5.5. Sýndarnúmer hefur ekkert gildi eitt og sér fyrir aðila sem kunna að komast yfir það með ólögmætum hætti og tryggir það öryggi snertilausra greiðslna.

## **6. Persónuvernd**

- 6.1. Kvika móttækur persónuupplýsingar frá viðskiptamanni og þriðja aðila, og meðhöndlar þær í tengslum við veitingu þjónustunnar, þróun hennar og til að koma í veg fyrir svik.
- 6.2. Þær persónuupplýsingar sem um ræðir eru svo sem: nafn viðskiptamanns og upplýsingar um greiðslukort viðskiptamanns, á borð við greiðslukortanúmer, gildistími, öryggisnúmer (CVC), sýndarnúmer og upplýsingar tengdar notkun greiðslukortsins, eins og færslur. Nauðsynlegt er að vinna framangreindar persónuupplýsingar um viðskiptavin til að gera honum kleift að nýta sér þjónustuna.
- 6.3. Bankinn móttækur persónuupplýsingar frá þriðja aðila í þeim tilgangi að staðfesta auðkenni viðskiptavinar í tengslum við þjónustuna og koma í veg fyrir svik. Bankinn miðlar ópersónugreinanlegum upplýsingum í tengslum við færslur sem framkvæmdar eru með þjónustunni til þriðja aðila í þeim tilgangi að bæta og þróa tæknina.
- 6.4. Allar persónuupplýsingar sem bankinn móttækur og meðhöndlar eru unnar í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsingar, nr. 90/2018, og persónuverndarstefnu Kviku.
- 6.5. Nánari upplýsingar um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga hjá bankanum má finna í almennum skilmálum vegna viðskipta við Kviku og í persónuverndarstefnu Kviku, sem eru aðgengileg á vefsíðunni, [www.kvika.is](http://www.kvika.is).
- 6.6. Þeir þjónustuaðilar sem Kvika er í samstarfi við um snertilausar greiðslur kunna einnig að vinna persónuupplýsingar viðskiptamanns sem virkjað hefur þjónustuna á snjalltæki sínu. Um upplýsingaöryggi og persónuvernd þjónustuaðila vísast til upplýsinga frá þeim aðilum.

## **7. Vernd hugverka**

- 7.1. Öll réttindi og hagsmunir sem tengjast þjónustunni og þeim hugbúnaði sem hún byggir á, hverju nafni sem þau nefnast, þar á meðal en ekki takmarkað við, höfundarétt, einkaleyfarétt, vörumerkjarétt, atvinnuleyndarmál og viðskiptaþekkingu (e. know how) eru eign bankans og/eða þess þjónustuaðila sem bankinn er í samstarfi við um þjónustuna.
- 7.2. Viðskiptamaður öðlast engin réttindi eða hagsmuni yfir þjónustunni og/eða þeim hugbúnaði sem þjónustan byggir á með því að virkja hana og nota.
- 7.3. Notkun viðskiptamanns á þjónustunni skal vera eðlileg og lögmæt, í samhengi við þjónustuna, skilmálana, reglur og upplýsingar, sem um ræðir á hverjum tíma. Viðskiptamanni er óheimilt að aðhafast nokkuð það sem getur farið gegn eða haft neikvæð áhrif á réttindi Kviku og/eða þjónustuaðilans yfir þjónustunni.

## 8. Ábyrgð og skyldur

- 8.1. Snertilausar greiðslur með snjalltæki jafngilda greiðslum og/eða færslum með greiðslukorti og gilda skilmálar bankans um kredit- og debetkort jafnframt um þær.
- 8.2. Viðskiptamaður ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á og er bundinn af öllum greiðslum og/eða færslum sem eru framkvæmdar snertilaust.
- 8.3. Notkun þjónustunnar er með öllu óheimil á snjalltæki sem grunur leikur á um að öryggi hafi verið ógnað með einhverjum hætti. Bankinn áskilur sér allan rétt til að uppfæra og/eða breyta öryggiskröfum sínum fyrir þjónustuna án fyrirvara.
- 8.4. Viðskiptavininn er óheimilt að deila eða veita öðrum upplýsingar um persónubundna öryggisþætti sína. Viðskiptavininn ber að grípa til allra nauðsynlegra varúðar- og öryggisráðstafana til að tryggja persónubundna öryggisþætti sína þannig að óviðkomandi aðili fái ekki aðgang að eða vitneskju um leyninúmer eða aðrar aðgangsupplýsingar, hvort sem þær varða t.d. varðveislu snjalltækis, aðgang inn í snjalltæki eða Wallet. Ef viðskiptavinur lánar, selur, skiptir um eða heimilar öðrum umráð yfir snjalltæki sem hefur verið tengt við þjónustuna eða ákveður af einhverjum öðrum ástæðum að hætta notkun þess, ber honum áður en það er gert að eyða öllum persónulegum og fjárhagslegum upplýsingum úr snjalltækinu, þar á meðal fjarlægja öll kort úr Wallet. Sinni viðskiptavinur ekki framangreindu hvað varðar persónubundna öryggisþætti telst það stórfellt gáleysi af hans hálfu.
- 8.5. Kvika ber enga ábyrgð á tjóni, hvorki beinu né óbeinu, sem kann að leiða af notkun þjónustunnar og/eða aðgerðum, aðgerðarleysi eða göllum á þjónustunni sem rekja má til greiðslulausna þeirra þjónustuaðila sem bankinn er í samstarfi við.
- 8.6. Kvika ber enn fremur enga ábyrgð á tjóni viðskiptamanns, hvorki beinu né óbeinu, sem kann að orsakast af tengingu eða skorti á tengingu við internetið, þeim hugbúnaði sem er nauðsynlegur til tengingar við smáforrit þjónustuaðila og stýrikerfi snjalltækis viðskiptamanns, af viðurkenndu stýrikerfi þjónustuaðila, eða af öðrum þeim orsökum sem kunna að valda því að viðskiptamaður getur ekki notað þjónustuna eða ef notkun þjónustunnar er með öðrum hætti en til var ætlast, s.s. vegna tæknibilana eða truflana í rekstri, eða álags á tölvu- og/eða viðskiptakerfi.
- 8.7. Þá ber bankinn ekki ábyrgð á tjóni, hvorki beinu né óbeinu, sem má rekja til þess hvernig viðskiptamaður notar þjónustuna, né heldur tjóni sem kann að hljótast af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun viðskiptamanns eða annars aðila, með eða án umboðs viðskiptamanns, á þjónustunni eða á snjalltæki viðskiptamanns.
- 8.8. Verði viðskiptamaður var við óheimila notkun þjónustunnar, misnotkun, eða ef snjalltæki hans er stolið eða það glatast, ber honum að tilkynna það tafarlaust til þjónustuvers Kviku á afgreiðslutíma í síma 540 3200.

- 8.9. Kviku er heimilt einhliða og án fyrirvara eða tilkynningar til viðskiptamanns að loka fyrir aðgang viðskiptamanns að þjónustunni tímabundið eða ótímabundið, ef grunur leikur á að brotið hafi verið gegn skilmálunum eða að um óheimila eða sviksamlega notkun á þjónustunni er að ræða.
- 8.10. Bankinn áskilur sér einnig rétt einhliða og án fyrirvara eða tilkynningar til viðskiptamanns, að rjúfa aðgang að þjónustunni um stund ef þörf krefur, svo sem vegna uppfærslna, öryggisráðstafana, breytinga á þjónustunni eða á samstarfi við þjónustuaðila, kerfisbreytinga eða annarra tæknilegra ástæðna.
- 8.11. Bankinn ber ekki ábyrgð á tjóni, hvorki beinu né óbeinu, sem rekja má til utanaðkomandi atvika, t.d. bilana, rangra utanaðkomandi upplýsinga o.þ.h. Enn fremur, ber bankinn ekki ábyrgð á tjóni ef rekja má tjónið til atvika sem stafa af náttúruhamförum, styrjöldum, verkföllum eða vegna atriða sem talist geta fallið undir óviðráðanleg tilvik (e. force majeure). Þá ber bankinn ekki ábyrgð á tjóni sem stafar af atburðum sem eru stjórnmálalegs, félagslegs, fjármálalegs eða efnahagslegs eðlis og eru líkleg til að koma í veg fyrir, rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti veitingu þjónustunnar, jafnvel þó slík atvik flokkist ekki undir óviðráðanleg tilvik (e. force majeure).

## 9. Önnur ákvæði

- 9.1. Viðskiptamaður getur fallið frá þjónustunni hvenær sem er og án fyrirvara, honum að kostnaðarlausu. Það gerir hann með því að fjarlægja öll greiðslukort sem gefin eru út af Kviku úr þeirri greiðslulausn sem um ræðir
- 9.2. Óski viðskiptavinur þess, skal bankinn afhenda honum þá á pappírformi eða senda með tölvupósti, hvort sem bankinn velur.
- 9.3. Um skilmála þessa gilda íslensk lög. Rísi mál vegna túlkunar þeirra eða framkvæmd á grundvelli þeirra má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Viðskiptamanni er bent á að lesa ákvæði þessara skilmála og annarra sem eiga við vel áður en hann samþykkir þá rafrænt og leita skýringa hjá starfsmönnum Kviku telji hann einhver ákvæði þeirra óskýr.**

**Með því að velja: „Agree” lýsir viðskiptamaður því yfir að hann hafi kynnt sér skilmálana, samþykkir þá, og skuldbindur sig til að nota þjónustuna í samræmi við þá að öllu leyti.**

Kvika banki hf.  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
Sími: 540-3200  
Fax: 540-3201  
Tölvupóstfang: [thjonusta@kvika.is](mailto:thjonusta@kvika.is)



Frekari upplýsingar um bankann má nálgast á vefsvæði hans, [www.kvika.is](http://www.kvika.is).